

IO.tbl.

30.mars.2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



PÁSKABINGÓ



Okkar árlega páskabingó verður haldið í Heiðarbæ
sunnudaginn 3. apríl kl. 14.00.

Spjaldið kostar 500 kr. Ekki er tekið við greiðslukortum.

Þökkum öllum þeim sem gáfu vinninga eða styrktu
okkur á annan hátt.



Allir velkomnir
Kvenfélag Reykjahrepps.





Fundargerð

317. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna,
fimmtudaginn 24. mars 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlökk-
versdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Sigríður
Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Aðalsteinn M. Þorsteinsson: Áskorun - 2203017

Fyrir fundinum liggur áskorun til sveitarstjórna Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps,
frá Aðalsteini M. Þorsteinssyni dags. 15.03.2022.

Skorað er á sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga að stöðva nú þegar framkvæmdir og láta
af áformum sínum um að breyta fyrrum húsnæði Litlulaugaskóla í skrifstofurými fyrir
stjórnsýslu. Þess í stað er skorað á sveitarstjórnirnar að gera samning við ríkið um
móttöku flóttamanna og undirbúa umrætt húsnæði til þess að hýsa þá.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið. Framkvæmdin í fyrrum húsnæði Litlulaugaskóla er
ákvörðun sem sveitarstjórn tók við gerð fjárhagsáætlunar 2020 og er liður í þróunar-
verkefni að auka og samþætta heilbrigðis- og félagslega heimaþjónustu í sveitarfé-
laginu. Sveitarstjórn sér ekki ástæðu til að hverfa frá þeirri stefnumörkun. Varðandi
móttöku flóttafólks þá hefur sveitarstjórn nú þegar lýst sig reiðubúna til þátttöku í því
samstarfsverkefni.*

2. Íbúar við Lautaveg á Laugum: Erindi - 2203012

Lagt fram erindi til sveitarstjórnar frá íbúum við Lautaveg á Laugum, dags.
11.03.2022 er varðar ónæði af hundum.

Í erindinu segir að nú sé svo komið að íbúar við Lautaveg sjái sér ekki fært annað er
að skrifa bréf til sveitarstjórnar vegna hunda nágretta þeirra. Margsinnis sé búið að
tala við eiganda hundanna sem og starfsfólk sveitarfélagsins. Óskað er eftir því að
sveitarstjórn taki á málunum svo um muni og geri eitthvað fyrir sumarkomu.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og felur sveitarstjóra að gera viðkomandi hundaeig-
anda grein fyrir erindinu og leita lausna. Sveitarstjórn ítrekar að hundaeigendum í
sveitarfélaginu ber að fylgja samþykktum um hundahald í Þingeyjarsveit. Samkv. 3.
gr. samþykktanna skal hundur ekki ganga laus á almannafæri og skal hundaeigandi
gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró
manna.*

3. Lögbýlisskráning á Sandi 4 - 2203020

Tekin fyrir beiðni frá Guðmundi Heiðrekssyni dags. 16. mars s.l. um að sveitarfélagið
veiti umsögn til matvælaráðuneytisins, hvort að Sandur 4 uppfylli skilyrði til lögbýlis-
skráningar. Landeigendur áforma að gera samning við Skógrækt ríkisins um skógrækt
að Sandi 4 og er eitt skilyrði fyrir samningsgerð að jörðin sé skráð sem lögbýli í lög-
býlaskrá.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að Sandur 4 verði að lögbýli og felur skipu-
lagsfulltrúa að senda umsögn sveitarfélagsins til ráðuneytisins.*

4. Breyting á nefndarskipan í Fræðslunefnd - 1806011

Fyrir liggur breyting á nefndarskipan í Fræðslunefnd vegna flutninga.

Eftirfarandi tillaga lögð fram til afgreiðslu:

Í Fræðslunefnd taki Eyþór Kári Ingólfsson (Ð) sæti aðalmanns í stað Hjördísar Stefánsdóttur (Ð) sem er flutt úr sveitarfélaginu.
Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

5. Tölvur og snjalltæki: Námskeið fyrir eldri borgara - 2203025

Umræða tekin um námskeið, kennslu á tölvu- og snjalltæki fyrir eldri borgara.

Sveitarfélagið sótti um fjárframlag til félagsmálaráðuneytisins vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi eldri borgara. Fjárframlaginu er ætlað að efla enn frekar félagsstarf fullorðinna og rjúfa félagslega einangrun.

Það að læra og geta nýtt sér tölvu eða snjalltæki einfaldar lífið og eykur möguleika á samskiptum fólks og fellur því vel að markmiði fjárframlagsins.

Samþykkt að sveitarfélagið standi fyrir tölvu- og snjalltækjanámskeiði fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu og fjárframlagi til eflingar félagsstarfs verði varið til þess. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

6. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar: Fundargerðir - 2109007

Fundargerðir 7. og 8. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Skútustaða-hrepps og Þingeyjarsveitar.

Lagðar fram til kynningar.

7. Vatnajökulspjóðgarður: Fundargerð - 1810004

Fundargerð 88. fundar svæðisráðs norðursvæðis VJÞ.

Lögð fram til kynningar.

8. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE): Fundargerð - 2002017

Fundargerð 36. fundar stjórnara SSNE.

Lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 14:57

Íbúafundur – Aurskriður í Kinn í október 2021

Íbúafundur verður haldinn í Ljósvetningabúð 6. apríl kl. 16:00 til 18:00 þar sem farið verður yfir náttúruhamfarirnar, aurskriðurnar sem féllu í Útkinn s.l. haust. Haldin verða nokkur erindi og að þeim loknum verða umræður.

Dagskrá:

- Aðgerðarstjórn á Akureyri – Hermann Karlsson
- Aðgerðarstjórn á Húsavík – Hreiðar Hreiðarsson
- Veðurstofan – Elín Björk Jónasdóttir og Oliver Hilmarsson
- Þingeyjarsveit – Dagbjört Jónsdóttir
- Rauði kross Íslands – Unnsteinn Ingason

Á fundinum verður einnig fulltrúi frá Almannavarnadeild RLS

Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra



Stórutjarnaskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir leikskólakennara 75% starf sem:

- ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim
- hefur góða samskiptahæfni og metnað til að takast á við fjölbreytt verkefni með nemendum.
- er jákvæður og sveigjanlegur
- er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýni frumkvæði
- er samstarfsfús og lausnamiðaður

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekin leik- grunn- og tónlistarskóli með um 45 nemendum frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandiskóli og leggur áherslu á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni. Þá tekur Stórutjarnaskóli þátt í þróunarstarfi með skólum erlendis.

Umsóknarfrestur er til 31. mars 2022 og þarf umsækjandi að geta hafið störf 4. apríl 2022.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið birnada@storutjarnaskoli.is

Umsóknir skulu sendar á netfangið birnada@storutjarnaskoli.is
Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi.

Móttaka framboðslista.

Yfirkjörstjórn Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar mun taka við framboðslistum vegna komandi sveitarstjórnarkosninga á skrifstofu Þingeyjarsveitar föstudaginn 8. apríl nk. frá kl. 10:00 til 12:00.

Varðandi upplýsingar um framlagningu framboðslista við sveitarstjórnarkosningar er rétt að benda á kosningalög nr. 112/2021

<https://www.althingi.is/lagas/152a/2021112.html>

og einnig reglugerð um framboð og meðmæli við sveitarstjórnarkosningar <https://island.is/reglugerdir/nr/0330-2022>

Ef frekari upplýsinga er þörf er hægt að hafa samband við yfirkjörstjórn í síma 8660025.

Yfirkjörstjórn Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar




HÚSASMÍÐJAN

Söluskrifstofa á Húsavík

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi: 664 3659
Netfang: nonnith@husa.is

Afgreiðslutími
Virka daga: 08:00-12:00

Málarameistari

Kristján Jónsson löggildur málarameistari er fluttur á Litluvelli Bárðardal.

Endilega hafðu samband í síma 8610006 (5873157) eða kiddijons63@gmail.com ef þú þarft að láta mála hjá þér.

Bíð spenntur að heyra frá þér.



Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 3. mars 2022, að undan­genginni umfjöllun skipulags- og umhverfisnefndar, að samþykkja ó­verulega breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022.

Breytingin felur í sér að heimiluð verði aflaukning Hólsvirkjunar úr 5,5 MW í 6,7 MW. Skipulagsstofnun taldi framkvæmdina ekki líklega til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, því er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Úr bókun skipulags- og umhverfisnefndar: *Skipulags- og umhverfis­nefnd telur að um óverulega breytingu á aðalskipulagi sér að ræða skv. 2. mgr. 36. gr skipulagslaga sem segir að við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.*

f.h. Þingeyjarsveitar

Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi

Aðalfundur Kvenfélags Aðaldæla

verður haldinn í Ýdölum þriðjudaginn 5. apríl kl. 20:00
Venjuleg aðalfundarstörf.
Nýjar félagskonur ávallt velkomnar.

Stjórnin.

Tækifæri og áskoranir í Þingeyjarsýslum

Málþing þekkingarnets Þingeyinga

7. APRÍL

**Laxárdeilan: Morgunroði
náttúruverndar á Íslandi**

- Sigurlaug Dagsdóttir

Sögur úr sveitinni

- Margrét Hildur Egilsdóttir

**Byltingar og byggðapróun: Áhrif
fjórðu iðnbyltingarinnar á Íslandi**

- Óli Halldórsson

Saga til næsta bæjar

- Gréta Berggrún Jóhannesdóttir

Fundarstjóri

- Sigurður Þór Guðmundsson

**Fosshótel
Húsavík**

Kl. 14- 16

Upplýsingar á HAC.IS
og í s: 4645100



Aðalfundur Slysavarnadeildarinnar Hrings í Mývatnssveit

verður haldinn mánudagskvöldið 4. apríl
í björgunarstöðinni, Múlavegi 2, kl. 20:00.

Dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf
og kaffi og kræsingar að venju.
Nýir félagar velkomnir, jafnt úr Mývatnssveit
sem og úr öðrum nágrannasveitum.

Viljum vekja athygli á því að félagsskapurinn er fyrir öll kyn.

Sjáumst hress!

Stjórnin

Sumarstörf á Narfastöðum



Ferðapjónustan Narfastöðum ehf. óskar eftir
starfsfólki í sumarvinnu.

Um er að ræða störf við:

- Morgunverð
- Aðstoð í eldhúsi
- Þjónustu í sal
- Þvottahús
- Sláttur og útvinna

Leitað er að glaðlyndu, samviskusömu og stundvísu starfsfólki
með ríka þjónustulund

Nánari upplýsingar gefur Unnsteinn í síma 464 3300 eða á
info@farmhotel.is